

Sameldi Dagur hefur meðal annars ræktað litlar melónur. Hann notar vatn úr fiskabúrum til að búa til köfnunar-efni sem plöntur þurfa til að vaxa. Vatnið veitir síðan plöntunum næringu og rennur svo aftur í fiskabúrin.

Frá fiskum til plantna

● **Blandar saman fiskeldi og vatnsræktun á sjálfbæran hátt með góðum árangri í Reykholti í Biskupstungum**

Ingvar Smári Birgisson
isb@mbl.is

Dagur Brynjólfsson sjómaður stundar óvenjulega tilraunastarfsemi í gróðurhúsi í Reykholti í Biskupstungum, þar sem hann blandar saman fiskeldi og vatnsræktun, en slík ræktun kallast sameldi.

Með sameldi er hægt að ná fram mikilli sjálfbærni, en vatnsræktun krefst ekki moldar og vatnið er endurnýtt í mörg skipti. Ræktun hefur verið áhugamál hjá Degi í nokkur ár, en hann hefur verið að prófa sig áfram með sameldi frá árinu 2011 og náð góðum árangri.

Úrgangur fiskanna síður burt

Dagur er með gullfiska og ála í búrum en þeir gefa frá sér ammoníak sem blandast vatninu. Þegar vatnið rennur úr fiskabúrinu er úrgangur fiskanna síður úr vatninu og ammoníakblandaða vatnið rennur í tank sem er fullur af vikri. Í tankinum er mikil bakteríuflóra sem festir sig við vikurinn, en baktériurnar breyta ammoníakinu í köfnunarefni fyrir gróðurinn. Dagur bætir steinefnum út í vatnið, kalki til að lækka sýrustig vatnsins og steinefnum til að auka næringargildi þess. Vatnið rennur síðan í svört rör, þar sem rætur plantanna eru, en að því loknu rennur vatnið aftur til fiskabúranna og ferlið hefst aftur. Dagur segir að um 98% af vatninu séu endurnýtt, þannig að um er að ræða afar mikla sjálfbærni. Þá krefjist sameldi heldur ekki mikillar vinnu.



Suðrænt Á myndinni má sjá okru, matjurt sem er í sérstöku uppáhaldi hjá Degi en hann segir okru vera einstaklega trefjarfkar og hollar.

Állinn sá eini sem þolir hitann

Dagur kveðst spara á sameldinu. „Þetta er ódýrara en hefðbundin vatnsrækt, þar sem notast er við áburðarblöndur. Fiskafóðrið og steinefni eru nefnilega mjög ódýr. Ég var með regnbogasilunga en þeir þöldu ekki hitann í gróðurhúsinu. Þá byrjaði ég að nota gullfiska og ála. Állinn er nefnilega eini íslenski fiskurinn sem þolir hitann í gróðurhúsinu, en hitinn nær á heitustu dögum 27-28 gráðum. Svo er hann líka verðmætur, því verð á ál hefur hækkað á síðustu árum.“

Dagur hefur ræktað litlar melónur og okru, sem er mikið ræktað matjurt í Indlandi. „Okra er rosaleg góð. Hún er eitt trefjaríkasta fæði sem til er. Hún er góð fyrir melt-

inguna og lækkar blóðþrýstinginn. Ég hef einungis séð hana í Kosti hérlendis.“

Vinsæl ræktunaraðferð ytra

Sameldi er vinsæl ræktunaraðferð erlendis og hefur vakið áhuga frumkvöðla á Íslandi á síðustu árum. Svinna-verkfræði ehf. hefur í samstarfi við Háskóla Íslands og fyrirtæki á Spáni og í Danmörku verið að þróa sameldi hérlendis. Þá má einnig nefna Hlyn Sigurbergsson á Garðyrkjustöðinni Kinn í Hveragerði, en hann er bjartstýnn á framtíð sameldis. „Ég hef trú á því að sameldi sé framtíðin. Ekki þarf mikla fiskirækt til að rækta mikinn gróður. Síðan er fiskurinn auðvitað líka afurð sem hægt er að neyta eða selja.“

Launaf meira ú

● Vísitala kaupmáttar

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Vísitala kaupmáttar launa hefur hækkað töluvert á árinu og er það að nálgast sömu gildi og 2007.

Staða vísitölunnar í maí ár hefur frá aldamótum er sýnd á grafi fyrir neðan. Sýnir það vel hve mikið vísitalan hefur hækkað 2010, þegar kaupmáttur var minni ur eftir efnahagshrunið 2008.

Vísitalan sýnir breytingu launavísitölu umfram breytingu á vísitölu neysluverðs og er því tekið tillit til verðlagsþróunar. Sem kunnugt var hækkuðu laun á almennum virka markaði í vor og voru það aðfall samningar lengri kjarasamninga.

Arnar Ingi Jónsson, sérfræðingur á hagfræðideild Landsbankans, segir að spurdur að þótt vísitalan í maí hafi verið nærri jafn há og í maí 2007 sé kaupmáttur í innfluttum vörum minni en þensluárið mikla.


Ýmslegt bendir til styrkingar

„Kaupmátturinn í erlendum vörum er verri en hann var á brennsluárinum þegar gengið var ef til söðulega sterkt, m.a. vegna vaxandi munaviðskipta. Ýmsir þættir benda til að kaupmáttur sé orðinn góður. Allar tölur benda til þess að heimila hafi batnað mjög að unförnu. Það er mikil aukning í kvæltunni sem verður ekki til lengi nema kaupmáttur sé að styrkingu. Væntingavísitalan er einnig hækka. Hún stendur nú í 102 stigum síðan í 2010, svo dæmi sé tekið.“

Það segir Arnar Ingi. Hann telur aðspurdur að þessar tölur sýni að staðan hjá almenningi launamanni hafi batnað umtalsverðan síðan í 2010, svo dæmi sé tekið.

Hins vegar beri að horfa til þess

Kaupmáttur launavísitölu í maí 2000-2014



Grunnur árið 2000 = 100. Sýnir breytingu launavísitölu neysluverðs sem umreiknuð er til mánaðar.